

Mál nr. 38/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 3. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 11. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins ók M þann 16. janúar 2019 suð- austur Hverfisgötu í Hafnarfirði þegar bifreiðinni X var ekið frá Skólabraut inn á Hverfisgötu og inn í hlið bifreiðar M. Leitaði M daginn eftir slysið á Heilsugæsluna Sólvangi og kvartaði undan verkjum í hálsi og mjóðbaki og var greining læknisins tognun á háls hrygg. Leitaði M ekki aftur til læknis vegna einkenna eftir slysið fyrr en rúmlega ári síðar eða þann 25. febrúar 2020 og kvartaði þá undan verkjum í baki. Í fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum kemur fram að M hafi lent í bílslysi árið 2008 og falið af mótörhjólí árið 2015. Þann 17. janúar 2019 tilkynnti M um líkamstjón til V og svo aftur þann 22. júní 2020 eftir að M hafði leitað til lögmans vegna slyssins. Með tölvupósti dags. 4. febrúar 2021 tilkynnti V að það hafi aflað útreiknings á hraða ökutækisins og þeim höggkrafti sem verkaði á það við atburðinn. Samþykkti V að endurgreiða útlagðan kostnað vegna fyrstu lænskómu, verkjalyfja og sjúkráþjálfunar sem fallið hefur til á fyrstu 10-12 vikum eftir slysið en að öðru leyti hugðist félagið hvorki hlutast til um frekari gagnaöflun né greiðslu fyrir hana. Gögn málsins bendi ekki til að varanlegt heilsutjón geti hafa hlotist af slysinu. Í málinu liggur einnig fyrir sjúkraskrá og skýrsla sem V aflaði um PC-Crash útreikninga dags. 3. febrúar 2021. M telur að höfnun V á bótaskyldu byggi á einhliða aflaðri PC-Crash skýrslu sem hafi ekkert sönnunargildi í málinu. Telur M að orsakatengsl séu milli þeirra áverka sem hún varð fyrir í hinu umrædda bílslysi og þeirra áverka/verkja sem hún þjáist af í dag. Af læknisfræðilegum gögnum megi ráða að full ástæða sé fyrir því að V viðurkenni bótaskyldu í málinu. M telur að gögn málsins séu til sönnunar um þá áverka sem hún varð fyrir í bílslysinu.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X. Afstaða félagsins byggir á því að orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M rekur til þess séu ósönnuð en M ber sönnunarbyrðina um það atriði. Höggið af árekstrinum hafi verið mjög vægt eins og sést á myndum af bifreið M sem teknar voru eftir áreksturinn og PC-Crash skýrslu dags. 3. febrúar 2021. Áreksturinn hafi verið mjög vægur og ekki til þess fallinn að valda tímabundnum eða varanlegum einkennum. Langt líður á milli lænskóma og engin samfella í lýsingum M á einkennum. Einkennum sem er lýst eru mjög almenn einkenni sem hrjá fjölmarga án þess að slys hafi komið til sérstaklega þegar nýlukið er meðgöngu og fæðingu barns eins og í tilfelli M. Þá hefur M ekki aflað sér ítarlegs vottorðs bæklunarlæknis eða örorkumats sem staðfesta orsakatengsl milli umferðarslyssins og þeirra einkenna sem M rekur til þess.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 16. janúar 2019. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Samkvæmt almennum sönnunareglum ber M ber sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði daginn eftir slysið á Heilsugæsluna Sólvangi og lýsti einkennum frá háls hrygg og mjóðbaki og var greining læknisins tognun og ofreymsla á háls- og lendahrygg. Fékk M veikindavottorð fyrir tímabilið frá 17. janúar 2019 til 22. janúar 2019. Á þessum tíma var M þunguð og næstu mánuði þar á eftir eru skráðar margar komur í mæðravernd heilsugæslunnar þar sem M var spurð út í heilsufar sitt og líðan. Lét M vel af sér og kvartaði aldrei undan verkjum í baki eða hálsi auk þess sem hún starfaði fram að 38 viku meðgöngu. Það var svo ekki fyrr en tæpu hálfu ári eftir fæðinguna eða þann 25. febrúar 2020 sem M leitaði til læknis vegna

einkenna frá baki. Fékk M sjúkraþjálfunarbeiðni og útbúin var beiðni um myndgreiningu. Næsta koma eftir slysið var þann 9. júní 2020 og þá kveðst M hafa verið slæm í hálsi og baki alla meðgönguna. Hafi svo versnað eftir að hún byrjaði að vinna í maí en var ekki byrjuð í sjúkraþjálfun. Af ofangreindu má sjá að kvartanir M eftir slysið voru ekki samfelldar þar sem rúmlega eitt ár leið þar til M leitaði aftur til læknis vegna einkenna sinna. Ákomur á bifreið M voru litlar og ekkert í gögnum málsins styður frásögn M um viðvarandi einkenni eftir slysið svo sem mat lækna á orsakatengslum milli árekstursins og einkenna þeirra sem M kveðst búa við í dag. V hefur þegar samþykkt að endurgreiða útlagðan kostnað vegna fyrstu læknskómu, verkjalyfja og sjúkraþjálfunar sem féll til á fyrstu 10-12 vikum eftir slysið og verður að telja miðað við gögn málsins að M eigi ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu X vegna árekstursins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 22. mars 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir